

Byggðasafn Dalamanna

# Safnastefna

2013-2017

## Efnisyfirlit

|  |           |
|--|-----------|
| <b>Inngangur</b> .....                     | <b>2</b>  |
| <b>Stofnskrá</b> .....                     | <b>3</b>  |
| <b>Söfnunarstefna</b> .....                | <b>6</b>  |
| <i>Aðföng</i> .....                        | 6         |
| Starfsvæði .....                           | 6         |
| Aðföng.....                                | 6         |
| Skráning.....                              | 6         |
| Lán á safngripum.....                      | 6         |
| Grisjun.....                               | 6         |
| <i>Söfnunarflokkar</i> .....               | 7         |
| Heimilishald.....                          | 7         |
| Atvinnuhættir.....                         | 7         |
| Heimilisiðnaður og handverk .....          | 7         |
| Samgöngur .....                            | 7         |
| Félagslíf .....                            | 7         |
| Skólalald .....                            | 7         |
| Kirkjumunir og aðrir trúarsöfnuðir.....    | 7         |
| <b>Miðlun, fræðsla og rannsóknir</b> ..... | <b>8</b>  |
| <i>Sýningar</i> .....                      | 8         |
| <i>Netið</i> .....                         | 8         |
| <i>Fræðsluerindi og fundir</i> .....       | 8         |
| <i>Skólafræðsla</i> .....                  | 9         |
| <i>Samstarf</i> .....                      | 9         |
| <i>Rannsóknir</i> .....                    | 9         |
| <b>Áhættumat</b> .....                     | <b>10</b> |
| <i>Ytri þættir</i> .....                   | 10        |
| Eldgos .....                               | 10        |
| Jarðskjálftar .....                        | 10        |
| Ofanflóð .....                             | 10        |
| Flóð.....                                  | 10        |
| Veður.....                                 | 10        |
| Gróður- og dýraríki.....                   | 11        |
| <i>Innri þættir</i> .....                  | 11        |
| Byggingin .....                            | 11        |
| Bruni .....                                | 11        |
| Lagnakerfi.....                            | 12        |
| Annað .....                                | 12        |
| <b>Neyðaráætlun</b> .....                  | <b>13</b> |
| <i>Almenn neyðaráætlun</i> .....           | 14        |
| <i>Neyðaráætlun vegna bruna</i> .....      | 15        |
| <i>Neyðaráætlun vegna lagnakerfa</i> ..... | 16        |

# Inngangur

Safnið starfar eftir stofnskrá, síðast endurnýjuð 31. október 2013, safnalögum nr. 141/2011 og siðareglum ICOM. Starfsvæði safnsins er sveitarfélagið Dalabyggð. Aðsetur safnsins er á Laugum í Sælingsdal.

Byggðasafn Dalamanna var í fyrstu í eigu Sýslunefndar Dalasýslu, þá Héraðsnefndar Dalasýslu og frá 2006 hefur það verið í eigu sveitarfélagsins Dalabyggðar. Samkvæmt stjórnskipun sveitarfélagsins skipar menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar stjórn safnsins.

Frumkvöðull að stofnun Byggðasafns Dalamanna var Magnús Gestsson frá Ormsstöðum. Hann byrjaði að safna munum sumarið 1968 í samráði við sýslunefnd Dalasýslu. Fyrsta sýning safnsins var í Dalabúð, Þjóðhátíðarárið 1974. Safnið opnaði fyrst sumardaginn fyrsta 1977, en var formlega vígt af Kristjáni Eldjárn forseta Íslands, sumardaginn fyrsta 1979.

Byggðasafn Dalamanna hefur haft um 300 m<sup>2</sup> kjallara í kennsluálmú Laugaskóla til afnota frá 1976. Þar er öll starfsemi safnsins, sýningar, geymsla og skrifstofa. Húsnæðið er ekki byggt sem sýningarrými og að mörgu leyti óhentugt. En ekki síður varasamt vegna vatnslagna í lofti. Ekki er aðgengi fyrir fólk í hjólastól inn á safnið og lítið svigrúm til að bæta þar úr. Aðgengi hreyfihamlaðra innan safnsins hefur verið bætt.

Safnkostur er að stærstum hluta í Dalasýslu og næsta nágrenni. Grunnurinn eru munir sem tengjast landbúnaði og heimilishaldi frá síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Munir og ljósmyndir eru skráð í gagnagrunninn Sarp. Safnað er í samræmi við söfnunarstefnu safnsins, sem birt er í safnastefnunni.

Rannsóknir hafa ekki verið viðamiklar á safninu og tengjast flestar munum og ljósmyndum safnsins og þeim einstaklingum sem þeim tengjast.

Miðlun er með sýningum á safninu og utan þess, fræðslufundum, móttöku skólahópa og öðrum þeim hætti sem hentar hverju viðfangsefni.

Byggðasafn Dalamanna er mikilvægur þáttur samfélagsins. Því ber að efla vitund fólks um menningararf og náttúru Dalanna.

Safnastefna þessi samanstendur stofnskrá safnsins, söfnunarstefnu, sýningarstefnu, fræðslustefnu og rannsóknarstefnu. Auk þess sem meðfylgjandi er áhættumat og neyðaráætlun ef vá ber að höndum.

Safnastefnu þessa skal hafa til hliðsjónar af starfi safnsins, bæði innra starfi sem og því sem sýnilegra er almenningi. Fagleg og skipulögð vinnubrögð og skýrt mörkuð stefna er vænlegust til góðs árangurs og áframhaldandi uppbyggingar safnsins. Þó munu álitamál ætíð koma upp sem og breytingar á samfélagi eða öðru sem gera það að verkum að endurskoðun og gagnrýn hugsun á safnastefnunni skal höfð í fyrirrúmi.

Rétt er þó að hafa í huga að framfylgd safnastefunnar og starfsemi Byggðasafns Dalamanna er háð því fjármagni og starfshlutfalli sem safnið hefur yfir að ráða á hverjum tíma. Forgangsröðun verkefna innan safnsins skal miða að bættri varðveislu, skráningar og öryggis þeirra muna og ljósmynda sem safninu hefur verið treyst fyrir.

Safnastefnuna skal endurskoða í síðasta lagi árið 2017, en yfirfarin árlega.

# Stofnskrá

## I. Nafn, heimili og tilgangur

### 1. grein

Safnið heitir Byggðasafn Dalamanna. Heimili og varnarþing safnsins er að Laugum í Sælingsdal. Safnið er í eigu sveitarfélagsins Dalabyggðar og starfar í almannabágu samkvæmt gildandi lögum um starfsemi safna og siðareglum ICOM.

### 2. grein

Stofndagur safnsins er sumardagurinn fyrsti 1979 er Hr. Kristján Eldjárn, forseti Íslands, opnaði safnið formlega.

### 3. grein

Hlutverk Byggðasafns Dalamanna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja, rannsaka og kynna menningarsögulegar minjar og náttúruminjar úr Dalasýslu og nágrenni. Sérstök áhersla skal lögð á muni sem hafa sögulegt gildi fyrir héraðið og sýna líf og starf Dalamanna. Safnið skal setja sér markvissa og skilvirka söfnunar- og sýningarstefnu og starfa samkvæmt markmiðum hennar. Söfnunar- og sýningarstefna safnsins skal endurskoðuð á 3-5 ára fresti.

## II. Stjórn

### 4. grein

Stjórn safnsins er Menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar hverju sinni. Verkaskipting og skipun varamanna skal vera sú sama.

### 5. grein

Stjórn ber ábyrgð á málefnum safnsins, þ.m.t. öflun og ráðstöfun tekna og gerð fjárhagsáætlunar. Stjórn ber ábyrgð á að stofnskrá og söfnunar- og sýningarskrár safnsins séu endurskoðaðar á 3-5 ára fresti. Stjórn ber ábyrgð á að Byggðasafnið eflist með þeim hætti sem að er stefnt. Stjórninni er ekki ætlað að skipta sér af daglegum störfum eða hlutast til um vinnutilhögun að öðru leyti. Sveitarstjórn Dalabyggðar ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks að fenginni umsögn stjórnar safnsins og að það vinni í samræmi við ráðningasamninga og starfslýsingar.

## III. Safnstjóri

### 6. grein

Ráðning safnstjóra er í höndum stjórnar safnsins.

Safnstjóri Byggðasafns Dalamanna skal hafa háskólamenntun, sé þess kostur.

Safnstjóri hefur ákvörðunarvald í málefnum er snerta daglegan rekstur safnsins og innra starf þess, þ.e. söfnun, móttaka og skráning muna til vörslu, uppsetning sýninga, útgáfumál, móttaka gesta og leiðsögn um safnið.

Safnstjóri á rétt á setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt, þegar málefni Byggðasafnsins eru tekin fyrir, önnur en þau sem snúa beint að starfsmanni.

#### 7. grein

Stjórn safnsins getur falið safnstjóra gerð fjárhagsáætlunar, gerð starfskýrslu safnsins, endurskoðunar á stofnskrá og söfnunar- og sýningarstefnu, gerð styrkumsókna, söfnun gagna og fleira

Safnstjóri ber ábyrgð á að upplýsingaflæði um starfsemi safnsins berist stjórn reglulega, auk árlegra starfskýrslna.

Safnstjóri skal í samráði við stjórn annast tímabundnar mannráðningar og semur starfslýsingar starfsmanna sem leggjast skulu fyrir stjórn til samþykktar.

### IV. Fjármögnun, reikningar og endurskoðun

#### 8. grein

Tekjur safnsins eru: árleg framlög frá eiganda, styrkir, aðgangseyrir og aðrar tekjur sem kunna að aflast.

Styrkir skulu nýttir til þeirra verkefna sem þeir eru veittir til.

Allar tekjur af aðgangseyri skulu nýttar til uppbyggingar og að bæta sýningar safnsins.

#### 9. grein

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Reikningar skulu færðir af Dalabyggð og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda með öðrum reikningum sveitarfélagsins.

Hagnaður eða tap af rekstri yfirfærast til næsta árs.

Stjórn er óheimilt að efna til fjárskuldbindinga án samþykkis eiganda.

### V. Rekstur

#### 10. grein

Safnið skal vera opið almenningi á auglýstum tíma í þrjú mánuði á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert. Utan þess tíma er tekið á móti skólanemum og hópum. Þá skal reyna eftir bestu getu að hafa safnið opin almenningi á öðrum árstíma meðal annars í tengslum við menningarviðburði í Döllum.

Það skal rækja fræðsluhlutverk sitt við almenning sem og erlenda gesti m.a. með áhugaverðum sýningum og vönduðu útgáfustarfi.

Safnið skal leitast við að höfða til og þjóna breiðum hópi safngesta og að hafa starfsemi sína aðgengilega öllum.

Haft skal gott eftirlit með aðsókn og aðsóknarþróun og leitast við að hámarka aðsókn.

Safnið skal sinna fræðsluhlutverki til skóla á starfsvæði sínu sérstaklega og skal hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, ferðaþjónustu, félagasamtök og aðra aðila á starfsvæðinu eftir því sem við á.

#### 11. grein

Safnstjóra er heimilt að lána gripi tímabundið út úr safninu til sýninga innanlands með samþykki stjórnar safnsins.

Hvorki má gefa né selja þá muni sem safnið hefur eignast nema með samþykki stjórnar.

Ekki er safninu heimilt að veita viðtöku munum sem sérstakar kvaðir fylgja, nema stjórnin samþykki að gjöfin hafi sérstaka þýðingu fyrir safnið.

#### 14. grein

Stefnt sé að miklu og góðu samstarfi safnsins við önnur söfn, viðurkenndar stofnanir, félagasamtök og aðra ábyrga aðila innan héraðs. Leita skal samþykkis stjórnar við umfangsmeiri samstarfsverkefni.

#### 15. grein

Verði Byggðasafn Dalamanna lagt niður skal safnkosti vera ráðstafað í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eignum skal ráðstafa að höfðu samráði við ráðuneyti.

### **VI. Samþykkt og breytingar á stofnskrá**

#### 16. grein

Stofnskrá Byggðasafns Dalamanna er samþykkt af sveitarfélaginu Dalabyggð, sem eiganda safnsins og henni verður ekki breytt nema með samþykki sveitarstjórnar Dalabyggðar.

Stofnskrá skal endurskoðuð á 3-5 ára fresti.

#### 17. grein

Stofnskrá þessi tekur gildi þegar hún hefur verið samþykkt og undirrituð af sveitarstjórn Dalabyggðar og staðfesting af Safnaráði, sbr. 10. gr. Safnalaga nr. 106/2001.

*Samþykkt í Menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar 31. október 2013.*

# Söfnunarstefna

Hlutverk Byggðasafns Dalamanna er að gera skil sögu mannlífs og náttúru í Dölum. Það gerir safnið með því að varðveita, rannsaka og sýna gögn, gripi og aðrar minjar því tengdu. Byggðasafn Dalamanna safnar minjum sem gefa mynd af sögu, mannlífi og náttúru héraðsins. Héraðsskjalasafn Dalasýslu tekur við skjölum og Listasafn Dalasýslu við listmunum tengdum héraðinu.

## Aðföng

Söfnun náttúru- og menningarminja fylgir ábyrgð sem Byggðasafn Dalamann skal rækja sem best á hverjum tíma. Til grundvallar við meðferð muna, aðföng þeirra og grisjun skal fylgja siðareglum Alþjóðaráðs safna, International Council of Museums (ICOM). Í fyrirrúmi skal höfð nærgætni og virðing fyrir safnmunum og fyrri eigendum þeirra.

## Starfsvæði

Byggðasafni Dalamanna er ætlað að safna minjum sem lýsa heimilishaldi, félagslífi, samgöngum, atvinnuháttum og náttúru í Dalasýslu. Söfnunarsvæði Byggðasafns Dalamanna er fyrst og fremst Dalasýsla og Skógarströnd. Auk þess tekur það, við sérstakar aðstæður, við munum úr öðrum héruðum.

## Aðföng

Tekið er á móti munum og metið hvort þeir falli að söfnunarstefnu safnsins, séu sýningarhæfir eða hafi gildi til rannsókna. Forðast skal að taka við munum er safnið hefur ekki möguleika á að skrá, varðveita, geyma eða sýna við viðunandi aðstæður. Ekki skal að taka við munum sem á einhvern hátt fylgja sérstök skilyrði.

Geymslurými Byggðasafns Dalamanna er mjög takmarkað og getur safnið af þeim ástæðum þurft að afþakka muni, þó svo að þeir að öllu öðru leiti uppfylli skilyrði söfnunarstefnu þessari.

## Skráning

Hver safngripur skal skráður í gagnagrunninn Sarp. Skráning muna skal vera ítarleg og faglega unnin.

## Lán á safngripum

Byggðasafn Dalamanna skal leitast við að vera í góðu samstarfi við þá sem þess óska um lán á safngripum. Aðbúnaður og meðferð munar skal þó ætíð höfð í fyrirrúmi. Byggðasafn Dalamanna getur einnig óskað eftir munum að láni, bæði frá öðrum söfnum sem og stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Mikilvægt er að samstarf sé öllum aðilum til hagsbóta. Safnvörður ákveður hvort og hvenær má lána gripi. Lánþegi undirritar þar til gerðan lánssamning.

## Grisjun

Meginreglan er sú að ef tekið hefur verið við grip til varðveislu þá skal hann verða hluti af safnkosti um ókomna tíð. Við sérstakar aðstæður getur þurft að grisja safnkost og skal það þá gert í samræmi við þau lög og reglur sem gilda á hverjum tíma.

## Söfnunarflokkar

### Heimilishald

Safnað er munum, ljósmyndum og heimildum sem tilheyra heimilishaldi og daglegu lífi á starfsvæði safnsins frá torfbæjum til nútímans. Áhersla er lögð á að afla efnis um breytingar í heimilishaldi á 20. öld. Í stað umfangsmikillar munasöfnunar er lögð áhersla á söfnun ljósmynda og heimilda frá síðari hluta 20. aldar.

### Atvinnuhættir

Safnað er munum, ljósmyndum og heimildum sem tilheyra atvinnuháttum á starfsvæði safnsins. Í munasöfnun er lögð áhersla á landbúnaður fyrir vélvæðingu, hlunnindanýtingu, sjávarnytjar, eyjabúskap, iðnaði og upphafi verslunar í héraðinu. Vegna skorts á geymslurými er lögð áhersla á söfnun ljósmynda og heimilda frá síðari hluta 20. aldar í stað umfangsmikillar munasöfnunar. Þ

### Heimilisiðnaður og handverk

Sérstök áhersla er lögð á að safnað munum, ljósmyndum og heimildum sem tilheyra heimilisiðnaði og handverki úr héraðinu. Þá er og safnað er tækjum og tólum sem tengjast tóvinnu, smíðum, útskurði og öðrum heimilisiðnaði.

### Samgöngur

Safnað er munum, ljósmyndum og heimildum er tengjast samgöngum fyrir tíma vélvæðingar, hvort sem er á landi sem sjó. Safnað er og póst- og símaminjum. Vegna geymslurýmis er lögð áhersla á söfnun ljósmynda og heimilda eftir tíma vélvæðingar í stað umfangsmikillar munasöfnunar.

### Félagslíf

Safnað er munum, ljósmyndum og heimildum sem tengjast sögu félaga og félagslífs í héraðinu. Áhersla er lögð á íþrótt- og æskulýðsfélög. Héraðsskjalasafn Dalasýslu sér um vörslu skjalasafna félaganna.

### Skólalald

Safnað er munum, ljósmyndum og heimildum sem tengjast skólalaldi í héraðinu. Það er hvort sem það tengist námsefni og kennslu eða almennu félagslífi í skólunum. Sérstök áhersla er lögð á söfnun muna frá farskólunum, Búnaðarskólanum í Ólafsdal, Lýðskólunum í Hjarðarholti og Búðardal, Húsmæðraskólanum á Staðarfelli og Laugaskóla. Úr öðrum skólum er meiri áhersla lögð á söfnun ljósmynda og heimilda.

Héraðsskjalasafn Dalasýslu sér um vörslu skjalasafna skólanna.

### Kirkjumunir og aðrir trúarsöfnuðir

Á safninu eru varðveittir munir, ljósmyndir og heimildir úr kirkjum héraðsins. Einnig er safnað munum, ljósmyndum og heimildum tengdum söfnuði Hjálpræðishersins í Dölum. Skjalasöfn sóknarnefnda eru varðveitt á Héraðsskjalasafni Dalasýslu.

# Miðlun, fræðsla og rannsóknir

Byggðasafn Dalamanna skal sýna þverskurð af mannlífi í héraðinu. Áhersla skal lögð á þá þætti sem einkennt hafa byggðarlagið eða gert aðstæður þess frábrugnar öðrum byggðalögum. Notendur safnsins eru ekki einsleitir hópur og þarf fjölbreytileiki í framsetningu til að sem flestir finni sér eitthvað við hæfi. En miðlun er meira en sýningar inni á safninu.

## Sýningar

Sýningar eru það birtingarform sem hefur verið sýnilegast við að koma safnkosti og rannsóknnum þeim tengdum á framfæri. Sýningar safnsins eru unnar upp úr þeim safnkosti sem það hefur yfir að ráða og ber að að sýna sögu, mannlíf og sérkenni Dalamanna.

Grunnurinn að sýningum Byggðasafns Dalamanna er gamla bændasamfélagið, kirkjumunir, skólahald, handverk og hlunnindanýting. Megnið að grunnsýningar safnsins eru í nokkuð föstum skorðum, en taka þó árlega einhverjum breytingum, munum er skipt út, endurraðað og nýjum upplýsingum bætt við.

Leitast er við í sýningum safnsins að halda í ímynd gamaldags byggðasafns og að gestir safnsins upplifi nánd við gripina eftir því sem unnt er. Mikilvægur hluti af móttöku gesta er leiðsögn um safnið, segja sögur og spjalla við gesti um það sem vekur áhuga þeirra. Þannig verður hver heimsókn á safnið og upplifun hvers gests einstök.

## Netið

Í stað þess að gera sýningar safnsins tæknivæddari er markmiðið að nota netið sem viðbót í sýningarhaldi og miðlun upplýsinga. Netið býður m.a. upp á að ná til hóps sem almennt sækir ekki söfn. Stafræn tækni býður upp á möguleika í framsetningu sem getur hentað ákveðnu munum og efni betur en hefðbundið sýningarhald inni á safninu.

Aðgengi almennings að gagnagrunninum Sarp vegur þýngst þegar kemur að miðlun á vefnum. Fjölga þarf myndum af munum og bæta ítarskráningu muna til að gera Sarp að virkari upplýsingaveitu fyrir safnið.

Auk þess hefur Facebook nokkuð verið notuð. Bæði til að koma viðburðum og upplýsingum á framfæri, en einnig sem gagnvirk upplýsingaöflun fyrir safnið.

Heimasíða Byggðasafnsins hjá Dalabyggð er í föstum skorðum. En vegna tímaskorts og annarrar forgangsroðunar hefur hún ekki verið fullnýtt.

Auk þess hefur verið prófað að setja upp jólasýningu safnsins upp sem netsýningu. Er það spennandi verkefni að setja upp stafræna sýningu á netinu og ætlunin að gera fleiri tilraunir í þeim efnum.

## Fræðsluerindi og fundir

Auk sýninga er upplýsingum miðlað með fræðsluerindum, fundum og spjalli. Ætlunin er auka þennan hluta starfseminnar næstu árin.

Veturinn 2012/13 hófust tilraunir með reglulegar heimsóknir á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún og samkomur hjá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi. Þar er spjallað um ákveðin viðfangsefni og skipst á upplýsingum, greiningu á ljósmyndum og fleira. Verkefnið verður þróað áfram veturinn 2013/14.

## Skólafræðsla

Byggðasafn Dalamanna hefur tekið reglulega á móti nemendum Auðarskóla, Hjallaskóla og Myndlistaskólans í Reykjavík, auk annarra skólahópa.

Áfram verður tekið á móti skólahópum og unnið að meiru samstarfi við Auðarskóla.

## Samstarf

Safnið hefur verið í samstarfi við aðila innan og utan héraðs um sýningar og fleira.

Samstarfaðilar um sýningarhald 2010-2013 eru Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Ólafsdalsfélagið, Röðull á Skarðsströnd, Nýpurhryna, Héraðsskjalasafn Dalasýslu, Rjómabúið Erpsstöðum og Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún.

## Rannsóknir

Ekki hefur gefist mikill tími til rannsókna á safninu undanfarin ár. En rannsóknir á vegum safnsins hafa að mestu verið tengdar einstaka gripum safnsins, sögu hans og eigenda. Áhersla verður lögð á að búa til skýrari mynd af þeim einstaklingum og þjóðfélagshópum sem eru á bakvið muni safnsins.

# Áhættumat

Áhættumat er grunnurinn að neyðaráætlun, framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna.

## Ytri þættir

Áhætta á tjóni vegna ytri þátta er óveruleg hvort sem um náttúruhamfarið eða annað er að ræða. Ekki er því talin ástæða að gera sérstaka neyðaráætlun vegna þessara þátta, þ.e. umfram hefðbundnar varúðarráðstafanir.

## Eldgos

Staðsetning safnsins er utan virkra eldfjalla. Næstu virku eldfjöll eru á Snæfellsnesi, en þau hafa ekki gosið á sögulegum tíma. Öskufall hefur verið óverulegt í Dölum við eldgos lengra frá. Því ekki talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna eldgosa.

## Jarðskjálftar

Staðsetning safnsins er utan virkra jarðskálftabelta og merkjanlegir jarðskjálfta fátíðir á svæðinu. Byggingin er frá 1975 og uppfyllir þær kröfur sem þá voru gerðar til skólahúsnæðis. Því ekki talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna jarðskjálfta, þ.e. umfram hefðbundnar varúðarráðstafanir með veggfestingum og staðsetningu brothætta muna.

## Ofanflóð

Árið 2011 var tekin saman listi yfir öll þekkt snjóflóð í Dölum af Byggðasafni Dalamanna og engar heimildir fundust fyrir snjóflóðum úr hlíðinni ofan við Lauga. Aftur á móti er vitað um aurskriðu í Hveragili um miðja 19. öld. Vegalengdin í þessa aurskriðu eru tæpir 200 metra. Til að hætta skapaðist af nýrri skriðu á byggðasafnið þyrfti skriðan að breyta farvegi og fara yfir aðrar byggingar á staðnum. Ekki talið líklegt að það gerist, m.t.t. fallhæðar og aurmagns. Því er ekki talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna ofanflóða.

## Flóð

Styðsta loftlína til sjávar er um 4,5 km, í Lómatjörn 370 m, í Sælingsdalsá 500 m og í bæjarlækinn 70 m. Önnur vatnsföll, vötn og tjarnir eru enn lengra frá. Fjarlægð frá sjó og hæðarmunur gerir það að verkum að engin hætta er á ágangi sjávar, flóðbylgjum eða öðru tjóni af hans völdum. Byggðasafnið liggur og hærra en bæði Lómatjörn og Sælingsdalsá. Litlir vatnavextir eru í bæjarlæknum og þarf hann a.m.k. að tuttugufaldast til að fara yfir bakkana. Ekki er talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna vatnsflóða frá sjó, vötnum og vatnsföllum vegna fjarlægðar og staðsetningar byggingar.

## Veður

Eldingar, ísing og hvassviðri er afar sjaldgæft á Laugum. Aftur á móti geta orðið nokkur snjóþyngsli. Snjóþyngsli geta aftrað aðkomu og aðgengi að safninu. Miklar leysingar hafa valdið leka í afkimum safnsins, en verið er að lagfæra það samhliða innréttingu á geymslu. Ekki er talin ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna flóða eða annars tjóns vegna veðurs.

## Gróður- og dýraríki

Trjágróður á staðnum er allur í nokkurri fjarlægð frá safninu. Gras næst byggingum á Laugum er slegið reglulega og því ættu sinaeldar ekki að komast alveg að byggingum. Fuglalíf er blómlegt á staðnum, en hreiðurgerð ekki næst safninu þar sem það er í kjallara. Vitað er til að mýs hafi komist inn á safnið, en þeirra hefur lítið orðið vart s.l. 5 ár. Á hverju hausti er músaeitri dreift á ákveðna staði og hluti af vetrareftirliti á safninu er að hafa auga með ummerkjum eftir mýs. Ekki þykir því ástæða til að gera sérstaka neyðaráætlun vegna þessarra þátta.

## Innri þættir

Hér er farið yfir helstu þætti í innanhúss sem hafa áhrif á neyðaráætlun. Verið er að safna gögnum, m.a. um hita- og rakasveiflur til að gera áætlanir um endurbætur, loftræstingu, vörslu muna og fleira.

## Byggingin

Byggðasafn Dalamanna er staðsett í kjallara í um 40 ára gamalli kennsluálmú Laugaskóla. Húsnæðið er í eigu sveitarfélagsins Dalabyggðar og umsjón með öllu viðhaldi og endurbótum á húsnæðinu er í höndum byggingafulltrúa Dalabyggðar.

Sameiginlegt brunavarnarkerfi er fyrir allar byggingar á staðnum, auk þess sem sérstakt vatn- og innbrotsviðvörðunarkerfi er á safninu. Komið hefur verið fyrir á safninu síritum á hita- og rakastigi. Ekki eru sérstök salerni á safninu, né eldhús. Eftirlit með brunavörnum, raflögnum og vatnslögnum er sameiginlegt með öðrum byggingum í eigu sveitarfélagsins á staðnum.

Húsnæðið er kynnt með heitu vatni. Loftræstivífta safnsins er ekki lengur í notkun og verið að afla gagna um hita- og rakasveiflur á safninu. Ný loftræsting á safninu verður skipulögð miðað við þær niðurstöður.

Engar sérstakar geymslur eru fyrir safnið, en verið að vinna í þeim málum og þá m.t.t. til öryggis og forvarna safnmuna.

Lyklar að safninu eru í vörslu safnavarðar og verkstjóra sveitarfélagsins.

Tvennar aðstæður geta skapað neyðarástand á safninu, annars vegar brunni á safninu eða í öðrum byggingum og hins vegar að lagnir gefi sig og mikið magn vatns (sérstaklega þó heitt) flæði inn á safnið á örstuttum tíma.

## Bruni

Eldstoðir ehf. sjá árlega um lögboðið brunavarnareftirlit í öllum byggingum Dalabyggðar, þ.m.t.

Byggðasafni Dalamanna. Brunavarnarkerfi á safninu er hluti af heildarbrunavarnarkerfi allra skóla- og íþróttamannvirkja á staðnum. Slökkvitæki eru yfirfarin og endurnýjuð samkvæmt áætlun.

Brunahætta inni á safninu er talin takmörkuð vegna eðli starfseminnar og takmörkuð rafmagnsnotkun. Mest hætta á tjóni er metin vera af reyk- og sótmengun komi upp brunni í öðrum hlutum byggingarinnar.

Gerð var sérstök greinagerð um brunavarnir, kostnaðarmat einstakra endurbóta og forgangsröðun verkefna ofl. árið 2012. Unnið er eftir þeirri áætlun eftir því sem fjármagn leyfir. Árið 2013 voru neyðarútgangar merktir. Veturinn 2013/2014 er áætlað að setja brunavarnarhurð inn á safnið og þetta meðfram lögnum til að minnka líkur á að reykur og komist inn á safnið. Eftir stendur þá einn útveggur, um 10 metrar með einangrunarplasti, sem þarf að klæða eða múra.

## Lagnakerfi

Helsta hættta sem safnmunum stafar er vegna heitavatns-, kaldavatns- og frárennislislagna til og frá öðrum byggingum er liggja um safnið. Elstu lagnirnar eru nú um 40 ára gamlar. Því var komið fyrir sérstöku vatnsviðvörðunarkerfi á safninu árið 2010. Þrír vatnsnemar eru á safninu og er hringt í safnvörð og verkstjóra sveitarfélagsins fari þeir af stað. Auk þess fara safnstjóri og verkstjóri sveitarfélagsins reglulega á veturna að kanna aðstæður á safninu. Með tilliti til aldurs lagnanna er á áætlun vetrarins gert ráð fyrir að allar lagnir og þá sérstaklega samskeyti verði yfirfarin og endurnýjað þar sem þörf er talin.

Frárennislagnir frá kennsluálmum eru um safnið, misgamlar. Engin niðurföll eru á safninu, var þeim öllum lokað fyrir um 10 árum, eftir að flæddi upp um salerni á safninu. Gefi frárennislagnir sig er tjónið takmarkað við það magn sem í lögnunum er. Fyrst og fremst um leiðinleg þrif að ræða og hugsanlega skemmdir á takmörkuðu svæði safnsins.

Kalda- og heitavatnslagnir liggja í lofti safnsins og flytja m.a. vatn í Sælingsdalslaug og milli bygginga á staðnum. Að hluta til er þó um niðurgrafna lagnaganga að ræða. Um töluvert vatnsmagn er því um að ræða í þessum lögnum. Gefi eitthvað af þessum lögnum sig getur því orðið um umtalsvert tjón að ræða, sérstaklega ef um heitavatnslögn er að ræða.

## Annað

Varðandi aðra áhættuþætti sem huga þarf að

- Bílastæði eru nær byggingu en 30 metrar.
- Safnrými er í kjallara.
- Gler í a.m.k. einum sýningarskáp.
- Ekki er hita-, raka, loftræsti eða loftjöfnunarkerfi í safnrými.
- Í sambyggðum byggingum er rekið hótél, skólabúðir og íþróttamannvirki, auk þess sem tjaldsvæði er í um 150 metra fjarlægð.
- Eingöngu er einn starfsmaður í einu á safninu, sem á þá að sjá um viðbragðsáætlun.
- Starfsmaður hefur ekki farið í læknisskoðun og mátað viðeigandi öndunarbúnað.
- Loftræsting þarfnast endurbóta.
- Brunavarnir og brunaeftirlit má bæta.

## Fyrirbyggjandi útbætur

Á 10 ára áætlun eru nokkur fyrirbyggjandi verkefni

- Brunavarnarhurð inn á safnið.
- Endurnýja loftræstingu.
- Geymslur innréttaðar.
- Lýsing á safninu endurhönnuð.

# Neyðaráætlun

Markmið neyðaráætlunar fyrir Byggðasafn Dalamanna er að forgangsraða aðgerðum vegna hættuástands sem gestum, starfsfólki og safnkosti getur stafað bráð hætta af.

Vegna landfræðilegrar legu staðarins og bygginga er hætta af ytri þáttum óveruleg. Ekki er því ástæða til að gera neyðaráætlunir vegna eldgosa, jarðskjálfta, ofanflóða, veðurs, flóða, sinuelda og annarra náttúruhamfara, umfram hefðbundnar varúðarráðstafanir. Ef eitthvað af þessu skyldi þó gerast gildir almenn viðbragðsáætlun.

Alvarlegasta hættan stafar af vatnslögnum sem liggja um safnið og geta valdið miklu tjóni ef þær gefa sig skyndilega. Hætta á skemmdum vegna bruna eru líka alltaf til staðar. Því eru sérstakar neyðaráætlunir gerðir vegna þessara þátta, auk almennrar neyðaráætlunar. Hvorki vatnsleki úr lögnum né bruni gera boð á undan sér þannig að hættuástand skapast samstundis.

Það að safnið er í einu rými og eingöngu einn starfsmaður einfaldar mjög framkvæmd neyðaráætlunar. Tveir merktir neyðarútgangar eru á safninu og er stutt og bein leið út úr byggingunni frá báðum þeirra. Viðbragðsteymi safnsins er safnvörður og verkstjóri sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Dalabyggð á annað húsnæði á staðnum (íþróttahús, kennslustofur ofl.) til að sinna skemmdum safnkosti. Ef ekki er hægt að nýta það húsnæði vegna reyk- og sótskemmda eða annarra ástæðna, eru til taks fjögur félagsheimili og skólahúsnæði í eigu sveitarfélagsins til að taka við safnkostinum. Stórar frystigeymslur eru í Búðardal (19,5 km fjarlægð) að hluta til í eigu sveitarfélagsins.

Frá árinu 2010 hafa forvarnarverkefni innan safnsins verið sett í forgang fram yfir bættar sýningar. Á þeim verkefnalista eru þó enn eftir nokkur atriði sem ætlunin er að ljúka fyrir árslok 2014.

Neyðaráætlun þessi skal vera á áberandi stað á skrifstofu og sýnileg öllum er starfa á safninu. Eingöngu einn starfsmaður er á safninu og því eru ekki haldnar sérstakar viðbragðsæfingar, en haldin ein óundirbúin brunavarnaræfing þegar reykur í eldhúsi skólans setti brunaviðvörunarkerfið af stað. Rýming á safninu gekk þá óaðfinnanlega.

Neyðaráætlun þessi og forsendur hennar skulu yfirfarnar árlega, síðast yfirfarin 31. október 2013.

## Almenn neyðaráætlun

Komi upp neyðarástand vegna ófyrirsjáanlegra eða annarra aðstæðna upp á safninu eða í öðrum byggingum á staðnum fer af stað ákveðin forgangsröðun eftir staðsetningu og eðli aðstæðna. Almenn neyðaráætlun er í eðli sínu háð aðstæðum, en er engu að síður mikilvæg við forgangsröðun verkefna.

Ábyrgð á fyrstu viðbrögðum er hjá safnverði og/eða þeim sem er að störfum hverju sinni.

- Vísu gestum safnsins á þann neyðarútgang sem við á miðað við aðstæður og gera nafnakall.
- Hringja í 112 ef við á, t.d. innbrot, hættuástand.
- Slökkva ljós um leið og bygging er rýmd.
- Loka inngöngum að safninu og brunavarnarhurðum á göngum að tengdum byggingum til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu.
- Stöðva eða draga úr orsökum hættuástands, ef aðstæður leyfa.
- Loka skápum, hirslum og breiða yfir hluti ef aðstæður leyfa.
- Bjarga munum út af safninu, ef aðstæður leyfa.
- Loka fyrir aðveitur við inntak ef við á.
- Leggja mat á aðstæður í samráði við forvörð.
- Hafa samband við þjónustuaðila, verktaka og sjálfbóðaliða eftir þörfum og biðja þá um að vera í viðbragðsstöðu.
- Hefja aðgerðir þegar leyfi fæst frá slökkviliði og lögreglu á staðnum.
- Kanna hættu af völdum fráveitu, meindýra, myglu og mengandi efna.
- Forgangsráða verkefnum í samráði við forvörð og aðstæður.
- Muna allan tímann - *mannslíf og heilsa eru mikilvægari en safnmunir og steinsteypa.*

*Neyðaráætlun þessi skal vera á áberandi stað á skrifstofu og sýnileg öllum er starfa á safninu.*

*Neyðaráætlun þessi og forsendur hennar skulu yfirfarnar árlega.*

*Neyðaráætlun þessi var síðast yfirfarin 31. október 2013.*

## Neyðaráætlun vegna bruna

Komi upp bruni inni á safninu eða í öðrum byggingum á staðnum fer af stað ákveðin forgangsröðun eftir staðsetningu og eðli brunans.

Neyðaráætlun vegna bruna á Laugum hefur verið yfirfarin árlega frá 2010 í samráði safnvarðar og verkstjóra sveitarfélagsins.

Ábyrgð á fyrstu viðbrögðum er hjá safnverði og/eða þeim sem er að störfum hverju sinni.

- Vísu gestum safnsins á þann neyðarútgang sem við á miðað við aðstæður og gera nafnakall.
- Sé eldur inni á safninu, slökkva eldinn ef hægt er með þeim slökkvitækjum sem eru á safninu.
- Hringja í 112 og aðra rekstraraðila á staðnum.
- Loka inngöngum að safninu og brunavarnarhurðum á göngum að tengdum byggingum til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu elds og reyks.
- Loka skápum, hirslum og breiða yfir hluti ef aðstæður leyfa.
- Hafa samband við forvörð um mögulegar skemmdir og hvað þarf að kanna miðað við aðstæður.
- Hafa samband við þjónustuaðila, verktaka og sjálfboðaliða eftir þörfum og biðja þá um að vera í viðbragðsstöðu.

Eftir að hættuástandi er lokið og aðgangur að safninu er aftur leyfður hefst annar ferill, þ.e. að meta skemmdir og möguleika á endurbótum. Aðgerðir eftir að hættuástandi er lokið eru á ábyrgð safnvarðar í samráði við forvörð og verkstjóra sveitarfélagsins. Haft verður samband við forvörð hjá Þjóðminjasafni Íslands um fyrstu viðbrögð og síðan fenginn forvörður til starfans miðað við aðstæður. Forgangsröðun fyrstu verkefna er að koma munum frá frekari skemmdum, meta aðstæður og forgangsráða út frá því.

- Leggja mat á aðstæður í samráði við forvörð.
- Kanna hættu af völdum fráveitu, meindýra, sóts, myglu og mengandi efna.
- Reyk- og vatnsræsta ef þarf.
- Forgangsráða verkefnum í samráði við forvörð og aðstæður.
- Muna allan tímann - *mannslíf og heilsa eru mikilvægari en safnmunir og steinsteypa.*

*Neyðaráætlun þessi skal vera á áberandi stað á skrifstofu og sýnileg öllum er starfa á safninu.*

*Neyðaráætlun þessi og forsendur hennar skulu yfirfarnar árlega.*

*Neyðaráætlun þessi var síðast yfirfarin 31. október 2013.*

## Neyðaráætlun vegna lagnakerfa

Neyðaráætlun vegna vatnsleka á safninu hefur því verið margrædd og yfirfarin af safnstjóra og verkstjóra sveitarfélagsins frá 2010. Hætta á skemmdum á safnkosti eru mismunandi eftir hversu lekin er mikill og hvort um heitt eða kalt vatn er að ræða.

Ábyrgð á fyrstu viðbrögðum er hjá safnverði og/eða þeim sem er að störfum hverju sinni.

- Vísu gestum safnsins á þann neyðarútgang sem við á miðað við aðstæður og gera nafnakall.
- Loka fyrir vatnsinntök.
- Ef aðstæður leyfa að bjarga munum út af safninu.
- Hafa samband við forvörð um skemmdir og hvers konar munum sé hugsanlega hægt að bjarga og hverjum ekki.
- Hafa samband við þjónustuaðila, verktaka og sjálfbóðaliða eftir þörfum og biðja þá um að vera í viðbragðsstöðu.
- Safna saman nauðsynlegum verkfærum og birgðum.
- Rifja upp, yfirfara og miðla upplýsingum um meðhöndlun skaddaðra gripa og fyrstu viðbrögð.
- Vatnsræsta safnið ef þarf.
- Kanna hættu af völdum fráveitu, meindýra, myglu og mengandi efna.
- Koma á loftræstingu og góðu loftflæði um safnið.
- Skrá allar aðgerðir og ferli.
- Koma þeim munum sem má bjarga fyrir í öðru húsnæði sveitarfélagsins til þurrkunar og forvörslu í samráði við forvörð.
- Skipuleggja starfið, úthluta verkefnum og miðla upplýsingum.
- Kanna hvort bjarga megi meira af safnkostinum en áætlað var í upphafi.
- Muna allan tímann - mannslíf og heilsa eru mikilvægari en safnmunir og steinsteypa.

*Neyðaráætlun þessi skal vera á áberandi stað á skrifstofu og sýnileg öllum er starfa á safninu.*

*Neyðaráætlun þessi og forsendur hennar skulu yfirfarnar árlega.*

*Neyðaráætlun þessi var síðast yfirfarin 31. október 2013.*